

**Ed. 513. Frumvarp til laga [266. mál]**

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Flm.: Albert Guðmundsson.

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 95 24. des. 1971.

**Greinargerð.**

Fasteignaskattur skv. II. kafla l. nr. 8/1972 er tryggður með lögveði í eign. Í mörgum sveitarfélögum landsins er skatturinn innheimtur sameiginlega með öðrum fasteignagjöldum. Í Reykjavík eru t. d. innheimt með fasteignaskatti eftirtalin gjöld: Vatnsskattur skv. l. nr. 93/1947, brunabótagjald skv. l.nr. 25/1954, lóðarleiga skv. l. nr. 86/1943, tunnuleiga skv. l. nr. 12/1969 og viðlagatryggingargjald skv. l. nr. 52/1975. Vegna hinnar sameiginlegu innheimtu er nauðsynlegt að samræma innheimtureglur framangreindra laga og setja ótvíræð ákvæði um lögveðsrétt. Hefur verið dregið í efa að innheimtuákvæði laga nr. 86/1973 væru nógu skýr að þessu leyti og er því frumvarp þetta flutt til þess að taka af allan vafa í því efni.

Frumvarpið er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur.